

Af marxisma

Steinar Örn Atlason. „„Það gisti óður ...“ Um Foucault, líkamann og lífvaldið.“ Í *Af marxisma*, ritstj. Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, bls. 62-82. Reykjavík: Róttæka sumarútgáfan, 2012.

Steinar Örn Atlason

„Það gisti óður ...“

Um Foucault, líkamann og lífvaldið

I.

Frumspekin dvelur djúpt í iðrum heildarverka Michels Foucault, þótt hann komi sjaldnast að henni með beinum hætti, enda er oft erfitt að koma auga á hvernig hún skilyrðir verkin og ljær þeim líf „eins og ófætt vor er bjó í kvistum“.¹ Frumspeki Foucaults er *frumspeki reynslunnar*,² og þar er kominn sá þráður sem hann spinnur verk sín úr, en frumspeki reynslunnar er í raun greining á *tengslum*: það er að segja tengslum líkamans við orðræðu, athafnir og samfélag á sögulegum grundvelli. Grunnhugmynd Foucaults er að tengslin mótist í leik ákveðinna krafta; en tengslin gera aftur á móti leikinn mögulegan og skilyrða valdavenslin, eða valdaafstæðurnar, þar sem *líkaminn* er vettvangur tengslanna.

- 1 Snorri Hjartarson, „Í Úlfdöllum“, *Kvæði 1940–1952*, Reykjavík: Mál og menning, 1981, bls. 11.
- 2 Þetta orðalag er komið frá finnska heimspekingnum Johönnu Oksala, úr samnefndum fyrirlestri hennar á þingi Norrænna fyrirbærafræðinga sem haldið var í Reykjavík 2006. Frumspeki reynslunnar tekur til ferlanna „þar sem sjálfsvera og hlutvera ‘breyta og umbreyta’ í sambandi við og sem virkni hvors annars“, líkt og Foucault orðar það í texta sem hann skrifaði um sjálfan sig undir dulnefninu „Maurice Florence“. Maurice Florence, „Foucault, Michel 1926–“, *The Cambridge Companion to Foucault*, Cambridge, Mass.: Cambridge University Press, 1994, bls. 317.

Frumspeki reynslunnar greinir ákveðin tengsl á milli orða, hluta og líkama sem eru sundurgreinanleg en ekki aðskilin, því að hlutir sem eru aðskildir geta ekki verið í tengslum hvor við annan. Tengslin birtast í gagnvirku sambandi formgerðarinnar (þekking) og kraftanna innan formgerðarinnar (vald). Í huga Foucaults holdgerist valdið í *sögunni* og síbreytilegum tengslum þess við þekkinguna, en að baki liggur sá skilningur að vald og þekking séu hliðstæður sem geri ráð fyrir og feli í sér ákveðin vensl – vald felur í sér þekkingu og kæmist ekki til framkvæmdar ef svo væri ekki, en þekkingin lýtur ákveðnum kóðum eða reglueiningum – *hugsunarkerfi* – sem afmarka farveg valdsins. Rannsókn á valdi á þar af leiðandi ekki að beinast að því *hvað* vald er heldur *hvernig* það er, enda er „vald í sjálfu sér ekki til“³ – það á sér aðeins birtingarmyndir í tengslunum á milli einstaklinga, hópa, staða, aðstæðna, rýmis, forma sem eiga í samskiptum og lýtur ákveðinni formgerð sem umlykur fyrirbærin. Það er að segja: valdið birtist í athöfnum sem tengjast öðrum athöfnum innan ákveðinnar formgerðar félagslegs skipulags. Valdið „framleiðir raunveruleika“,⁴ eins og Gilles Deleuze heldur fram í túlkun sinni á Foucault, í gagnvirku sambandi valds og þekkingar, en þekkingin lifir ekki sjálfstæðu lífi utan valdatengslanna. Vald í kenningu Foucaults lýsir því kröftum í formgerðinni, einhvers konar straumrásum sem þekkingin skilgreinir og stillir af, og þess vegna tjá tengslin ákveðinn *heimshátt*.

Í þessari grein mun ég einbeita mér að því að útlista hugmyndir Foucaults um vald og þekkingu og hvernig líkaminn, sem meginviðfang valds og þekkingar, er í miðju greiningar hans á ögunar- og stýringarsamfélaginu. Ég mun setja hugmyndir Foucaults í samhengi við marxíska greiningarhefð eftir megni og bera stuttlega saman aðferðafræði og valdshugmyndir Foucaults og Karls Marx.

3 Michel Foucault, „Subject and Power“, *Michel Foucault. Beyond Structuralism and Hermeneutics*, Chicago: University of Chicago Press, 1983, bls. 217.

4 Sjá Gilles Deleuze, *Foucault*, Minnesota: University of Minnesota Press, 2000, bls. 29. Í þessu sambandi skrifar Deleuze: „Þekking [*connaissance*] vísar aldrei aftur til sjálfsveru sem er frjáls í tengslunum við útlínur valdsins; en hið síðarnefnda er heldur aldrei frjálst gagnvart kröftum þekkingarinnar [*savoirs*] sem koma [valdinu] í framkvæmd“ (sama rit, bls. 75).

2.

Greining Foucaults á valdi og þekkingu er félagssöguleg greining, en saga Evrópu síðustu árhundraðin skiptist samkvæmt Foucault í tímabil sem einkennast af ólíkum tengslum valds og þekkingar. Þetta eru *endurreiðin*, *klassíski tíminn* og *nútíminn*. Á þessum tímabilum ríkir ólík umgjörð um reynsluheiminn og er orðum, hlutum og líkömum skipað niður á kerfisbundinn hátt í hverju þeirra. Þekkingarfræðileg undirstaða hvers tímabils er ákveðið hugsunarkerfi sem segir til um hvernig skipa á hlutunum niður og myndar grundvöll flokkunar, þekkingar og sanngildis með því að grundvalla ólíkar fræðigrein- ar.⁵ Hugsunarkerfið lýtur „ákveðnum lyklum (kóðum) er stýra tungumáli [þess], skynreynslu, tækni og gildum. Þessir lykklar gera einstaklingnum kleift að greina mismun og líkindi einstakra fyrir- bæra. Þeir gefa skynjun hans vald og vissu enda skipuleggjum við reynsluna samkvæmt þeim.“⁶ Reynslan af hugsunarkerfinu færir okkur fyrr eða síðar heim sanninn um takmarkanir þess, því það nær ekki til þess sem stendur „fyrir utan“ þann veruleika sem kerfið skil- greinir. Þetta er það sem gerir tilurð nýrra hugsunarkerfa að lifandi möguleika: Glufur taka að rjúfa formgerðina, önnur kerfi byrja að myndast og sprengja fyrri hugsunarkerfi af sér.⁷ Í *Orðum og blutum* segir Foucault slík rof hafa átt sér stað við upphaf átjándu aldar og í lok þeirrar nítjándu – Foucault sá reyndar önnur umskipti verða um miðja tuttugustu öldina, sem mætti ef til vill kalla *síð-nútíma* eða

- 5 Þennan undirliggjandi þekkingarfræðilega veruleika nefnir Foucault hina „*jákvæðu dulvitund* þekkingarinnar“, sbr. Foucault, *The Order of Things*, London: Routledge, 2005, bls. xi.
- 6 Matthías Viðar Sæmundsson, „Orð og hlutir. Um hugsanakerfi Foucault“, *Myndir á sandi. Greinar um bókmenntir og menningarástand*, Reykjavík: Bók- mennafraeðistofnun Háskóla Íslands, 1991, bls. 140.
- 7 Eða eins og Matthías Viðar Sæmundsson orðar það: „það myndast glufur er veita okkur sýn inn í heim að baki viðtekinni skipulagshugsun. Upplifunin á þessu djúpsviði leysir okkur undan málfarslegum og skynrænum fjötrum; okkur verður mögulegt að gagnrýna lykla sem áður voru sjálfsagðir; allt í einu kemur í ljós að það sem talið var óhugsað og auðvitað er bundið, tilbúið form“ („Orð og hlutir. Um hugsanakerfi Foucault“, bls. 140). Hér er Foucault undir áhrifum af hugmyndum Gastons Bachelard um *rof*. Sbr. Eiríkur Guðmundsson, *Gefðu mér veröldina aftur*, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1998, bls. 54.

eftir-núttíma, en hann kenndi Foucault við *framtíð*. Foucault flokkar tímabilin eftir hugmyndunum sem hafa miðlæga stöðu innan þekkingarsviðsins: á *endurreiðnartímanum* tók formgerð reynslunnar mið af hugmyndinni um guð, á *klassíska tímanum* var það náttúran sem var lykillinn að heiminum, en í *núttímanum* er maðurinn viðmið skipulags og reynslu. Þessi hugsunarkerfi skilyrða ekki aðeins þekkinguna heldur einnig viðföng hennar, og mynda þannig ramma utan um skynjunina ekki ólíkan þeim sem Kant lýsti í þekkingarfræði sinni og taldi forskilvitlegan, en sá rammi útilokar milliliðalaus upplifun á hlutum í sjálfum sér.

Þrátt fyrir að sagan skiptist í mismunandi tímabil og að rof verði á milli hugsunarkerfa myndar sagan ákveðna samfellu og í þeirri samfellu drekka hugsunarkerfin í sig arfleifð fyrri kerfa og flytja hana með sér. Ef hægt er að tala um vitundarform eða veruhátt sögulegra þekkingartímabila þá birtist það okkur í þeirri tækni og gildum sem hugsunarkerfin tjá, eða þeim verkhætti sem þar er stundaður. *Tæknin* er úthverfa þekkingarinnar (fr. *savoir*), hvort sem átt er við tilgang tækninnar sem slíkrar eða virkni hennar innan einstakra hluta sem og samfélagsins í heild. Þekkingin byggir á viðmiðum – *kóðum* – sem skilgreina sjóndeildarhring hennar, hvert henni er leyfilegt og mögulegt að fara, en þekkingin og viðmiðin hafa afgerandi áhrif á afurðir sínar, sem búnar eru til af manninum og móta hann aftur, enda verður þekkingin (fr. *connaissance*) ætíð *ad tækni* (í andlegum og efnislegum skilningi: sjálfstækni, byggingartækni, hugbúnaðartækni, erfðatækni og svo framvegis).⁸ Tæknin er þess vegna háttur og hugsun sem þekkingin hvetur til, heimilar og gerir mögulega. *Form* hlutanna er af þeim sökum tjáning á tækninni sem félagslegum veruhætti og sá veruháttur er á sama tíma söguleg raungerving *gilda* – siða, laga, venja – sem gefa hlutunum „inntak“ eða „merkingu“ og skilgreina má út frá þekkingarkerfinu hverju sinni.

8 Foucault segir að „undirliggjandi kóðar menningarinnar – þeir sem stjórna tungumálinu, skemum skynjunarinnar, samskiptum, tækninni, gildunum og stigskiptingu athafnanna – myndi fyrir sérhvern mann, allt frá upphafi, hina empírísku skipan sem hann mun fást við og innan hverrar honum líður eins og heima hjá sér“ (*The Order of Things*, bls. xxii).

3.

Tengslin á milli orða, hluta og líkama mynda heimsfræði Foucault, en eins og áður var sagt radast þessi frumefni samfélagsins niður eftir lotukerfi valds og þekkingar. Í franskri heimspeki á tuttugustu öld má greina ákveðna tilhneigingu í þá veru að sérhver hugsuður móti sér aðferðafræði og setji fram hugtak sem skilgreinir *tengsl* sjálfsverunnar, tungumálsins og hins efnislega heims. Það gerir Foucault með fornminja- og sífjafræði annars vegar og valdi/þekkingu hins vegar. Vandamálið sem frönsk samtímaheimspeki glímur við eru tengslin á milli líkama og hugmynda, lífs og hugtaks, eða eins og Alain Badiou orðar vandann: „Sjálfsveran, sem er bæði lífræn vera og vera sem skapar hugtök, er gerð að rannsóknarefni bæði með tilliti til hins innra, dýrslega, lífræna lífs og í sambandi við hugsun hennar, hæfileika hennar til sköpunar og sértekningar“.⁹ Til að skera á hnútinn og leysa vandann um tengsl samfélags, hugtaks og tilvistar sækir frönsk heimspeki verkfæri sín og áhrif til þýskra heimspekinga eins og Hegels, Nietzsches, Husserls, Heideggers og Marx. Ekki síður mikilvægt er margslungið samband hennar við Freud og sálgreininguna.

Viðleitni franskra heimspeki til að endurskilgreina og endurskapa sjálfsveruna er í grunninn gagnrýni á hina hreinu, rökvísu, *kartesúku* sjálfsveru og í því sækir heimspekin til hugmynda sálgreiningarinnar um sjálfsveruna sem myrka, óhreina og líkamlega veru, sem er á valdi hvatalífsins og flæktari í sjálfa sig og lífið en hún vill vera láta. Þetta viðbragð við sálgreiningunni má greina, samkvæmt Badiou, í tvo birtingarhætti franskra samtímaheimspeki: *tilvistarlega lífhyggju* (e. *existential vitalism*) annars vegar og *hugtakalega formbyggju* (e. *conceptual formalism*) hins vegar, en

þessar tvær leiðir skarast í spurningunni um sjálfsveruna, sem mætti á endanum skilgreina, út frá franskri heimspeki, sem veruna sem ber fram hugtakið. Í vissum skilningi leikur hin freudíska dulvitund sama hlutverk: dulvitundin er að sama skapi einhver lífkraftur eða tilvist sem engu að síður framleiðir, elur, hugtakið. Hvernig

9 Alain Badiou, „The Adventure of French Philosophy“, *New Left Review* 35 (sept.-okt. 2005), bls. 67–79, hér bls. 69.

getur tilvist alið hugtak, hvernig getur eitthvað orðið til úr líkama? Ef þetta er meginspurningin, getum við séð hvers vegna heimspekin dregst inn í ákafa samræðu við sálgreiningu.¹⁰

Báðar þessar stefnur renna, á einn eða annan hátt, saman í kenningu Foucaults um vald/þekkingu þar sem líkaminn, tungumálið og samfélagið dansa í takt við hljómfall valds og þekkingar og á þeim stað þar sem hið huglæga og hið hlutlæga, hið einstaka og hið almenna mætast og skapa þá síkviku vitund sem við köllum samtímann.

4.

Tvíþætt aðferðafræði Foucaults – *forminjafraeði* og *sifjafraeði* – lýtur að eðli, ætterni og tilurð *þess sem er*, þar sem hin sögulega greining er afturhvarf í djúp sögulegrar framvindu og þeirra krafta og orðræðna sem mótað hafa sjálfsmynd og sjálfsveruleika samfélagsins. Foucault notar þessa aðferðafræði til að bera veruleikann saman við hugsunarkerfið og valdaafstæðurnar sem skilyrða *verubátt* mannsins og samfélagsins á hverju *veruskeiði* fyrir sig. Í skrifum Foucaults styðja forminjafraeðin og sifjafraeðin hvor aðra í greiningu á undirliggjandi formgerðum athafna (þekking) og orsökum athafna innan formgerðarinnar (vald): til dæmis endurspeglar aðferðafræði Foucaults í *Gæslu og refsingu* fjóra meginflokka forminjafraeðinnar en þar er henni beitt til að greina það hvernig (a) fangelsun afbrotamanna og tiltekin hegningartækni á klassíska tímanum skapar nýjan flokk *hluta*; hvernig (b) lýsingar á hugsun og háttum afbrotamanna ein-kennast af ákveðnum *hugtökum*; hvernig (c) flokkur afbrotamanna og hugtökin sem eiga við um þann flokk tengjast mismunandi *kenni-valdi* sem holdgerist til að mynda í dómurum og afbrotafraeðingum, og (d) mismunandi *leiðum í framkvæmd hegningartækni tímans*, svo sem hvernig vinna, innilokun og aðbúnaður spila saman í því að nýta líkama afbrotamanna sem framleiðsluafli.

Sifjafraeðileg greining miðar hins vegar að því að tjá gagnvirkt orsakasamband valds og þekkingar í líkamanum, samfélaginu og sögunni á ákveðnum tíma, að greina söguleg ferli valdsins og

10 Badiou, „The Adventure of French Philosophy“, bls. 74.

staðsetja útkomu þeirra í samtíma sínum. Greiningin er jafnframt gerð á þeim forsendum að hvert tímabil eða setlag sögunnar lúti sínum eigin formgerðum, gildum, reglueiningum og svo framvegis sem þurfi að túlka. Rannsóknin á sjálfsveruhætti hvers tímabils er, eins og Nietzsche orðar það, greining á *sifjafræði valds*; en það eru hinar „smáu“ orsakir, eða mylsnur sögunnar, sem skipta Foucault máli; hvernig athafnir og orsakir tengjast á afmörkuðum, félagslegum sviðum. Hinn innri *vilji til valds* sem er innbyggður í kerfið endurspeglast í rökvísi, formgerð og tilhneigingu valdaafstæðnanna til að fella alla anga samfélagsins inn í heildstætt valda- og þekkingarkerfi og framleiða aðra eftir þeim sömu lögmálum.¹¹ Þess ber þó að geta að hinn innri vilji til valds á sér hvorki takmark né er hægt að segja að honum sé beitt meðvitað í þágu einhvers markmiðs – enda er vald aðeins til í tengslunum og birtist í athöfnum sem tengjast öðrum athöfnum innan ákveðinnar formgerðar félagslegs skipulags: „Þar af leiðir að enginn er ábyrgur fyrir tilurð, enginn getur hrósað sér af henni; hún verður ævinlega til í millibílinu“.¹²

Fornminjafraði er rannsókn á birtingarhætti hugsunarkerfisins, sem setur þekkingunni mörk, skilgreinir hana og skapar henni möguleika, en sifjafræði er aftur á móti rannsókn á virkni þekkingarinnar á ákveðnum sögulegum tíma og í tengslum við orðræðu, rými, líkama. Þannig tengir Foucault formgerð og lifaða reynslu á áþreifanlegan hátt, það hvernig formgerð hefur áhrif á lifaða reynslu einstaklinga, og til að komast handan heimspekilegrar hugsunar sem tekur sjálfsveruna fram yfir hlutveruna eða hlutveruna fram yfir sjálfsveruna.

- 11 Foucault skrifar: „Framkvæmd valds felst í því að móta möguleika hegðunar og finna mögulegri útkomu stað innan skipulags“ („Subject and Power“, bls. 221). En Foucault leggur einnig áherslu á að valdið framleiðir ávallt andstæðu sína, eða form annarleikans (e. *forms of otherness*). Dæmi um það eru hinn sturlaði, öfugugginn, glæpamaðurinn og svo framvegis. Foucault segir í formála að *Orðum og blutum* að þar sé hann að skrifa sögu þess *Sama* (e. *Same*), en að í *Sögu sturlunarinnar* hafi hann verið að skrifa sögu *Hins* (e. *Other*), „þess sem er, fyrir ákveðna menningu, á sama tíma fyrir innan og framandi, og er þar af leiðandi útilokað (eins og til að framandgera hina innri hættu) en með því að vera lokað af (í þeim tilgangi að draga úr annarleikanum)“ (*The Order of Things*, bls. xxvi).
- 12 Michel Foucault, „Nietzsche, sifjafræði, saga“ (þýð. Björn Þorsteinsson), *Alæi, vald og þekking*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 212–240, hér bls. 224.

5.

Þau sögulegu tímabil sem Foucault afmarkar – *klassíski tíminn* og *nútíminn* – skilja að og afmarka breytingar á eðli og virkni valdsins. Tilgangur skrifa Foucaults er að afhjúpa stöðu sjálfsverunnar og líkamans allt frá klassíska tímanum, en það var klassíski tíminn sem „uppötvaði líkamann sem hlut og viðfang valds. Það er auðvelt að finna merki þeirrar athygli sem líkamanum var sýnd – það er ráðskast með líkamann, hann mótaður og þjálfaður; líkaminn hlýðir, svarar, öðlast hæfni, og eykur kraft sinn“,¹³ enda segir Foucault að líkaminn hafi á þessu tímabili gengið inn í gangverk valds sem miðaði að því að brjóta niður, endurskipuleggja og framleiða „auðsveipa líkama“ með það að höfuðmarkmiði að efla og móta þá krafta líkamans sem gera hann skilvirkan og nýtsamlegan. Ögunartæknin færir líkamlegar athafnir í raun undir stöðugt eftirlit, og hefur þar með nán afskipti af einstaklingsbundinni hegðun, en ögunarferlinu í *Gæslu og refsingu* má skipta í þrennt: 1) *Stigskipt eftirlit* sem byggir á þeirri forsendu að hægt sé að stjórna fólki einfaldlega með því að fylgjast með því. Þetta endurspeglast í *Alvævibyggingu* Benthams þar sem fangarnir hafa þá tilfinningu að þeir séu undir stöðugu eftirliti og það mun „vekja hjá vistmanninum meðvitund um stöðugan sýnileika sem tryggir sjálfvirkan gang valdsins“. ¹⁴ 2) *Staðlandi dómur* um hvernig skuli flokka athafnir, til að mynda afbrigðilegar eða hættulegar. 3) *Skoðun* sem flokkar og staðlar viðföngin og ákvarðar þar með bæði sannleikann um þau og setur þeim viðmið hegðunar, en í þessu kristallast formgerð valds/þekkingar á klassíska tímanum, það er hvernig „krafti er ráðstafað og sannleikanum er komið á fót“.¹⁵ Hið stöðuga eftirlit er innhverft í einstaklingnum og það býr til sjálfsvitund sem er einkennandi fyrir sjálfsveru nútímans.

Í *Gæslu og refsingu* fjallar Foucault um *ögunarsamfélög* átjándu og nítjándu aldar og birtingarmyndir þeirra í hugmyndum og framkvæmd refsingar, hegningar og betrunar eða hvernig fangelsið verður fyrirmynd að skipulagi og skilvirkni á flestum sviðum mannlegs lífs. Það sem skiptir því mestu máli hér er að formgerð

13 Michel Foucault, *Discipline and Punish. The Birth of the Prison*, London: Penguin, 1977, bls. 136.

14 Michel Foucault, „Alsæisbyggja“ (þýð. Björn Þorsteinsson), *Alvæi, vald og þekking*, bls. 138.

15 Michel Foucault, *Discipline and Punish*, bls. 184.

fangelsisins verður að líkani sem gegnsýrir allt samfélagið: fjölskylduna, skólann, herinn, verksmíðjuna, spítalann og svo framvegis. Það sem einkennir allar þessar einingar er hnitmiðað skipulag á lokuðu rými, einstökum þáttum þess og tímanum sem það hverfist um, en það að samstillta einingarnar og virkja til framleiðslu er eitt megineinkenni ögunarsamfélagsins. „Pýramídi ögunarinnar“, skrifar Foucault, „hefur búið til þá litlu frumu valdsins þar sem aðskilnaður, samstilling og verkefnastýring hefur ríkt og reynst hagkvæm; og hin greinandi reitaskipting tímans, hreyfinga og krafta líkamans hefur búið til framkvæmdamynstur sem hægðarleikur er að færa yfir á hópa sem beygja á undir gangverk framleiðslunnar“. ¹⁶ Þess ber þó að geta að söfnun auðmagns og uppgangur kapítalísks hagkerfis er ekki bein afleiðing *ögunarvaldsins* heldur kallast kapítalisminn á við ögunartæknina sem gerir hann í reynd mögulegan með hinni „pólítísku líffærafræði“ ögunar, aga og auðsveipni sem á sér stað innan formlegra ytri marka, eins og til dæmis innan verksmíðjunnar. ¹⁷

Foucault greinir einnig samþættingu ögunar og stýringar í *Gæslu og refsingu* og vísar þar með veginn fram á við til *stýringarsamfélagsins* (sem hefur fyrst útbreiðslu sína að einhverju marki eftir seinni heimsstyrjöldina) sem reiðir sig á innri mörk hegðunar og sjálfs-stýringu. Í stýringarsamfélaginu einkennist valdið af ákveðinni tvíþóla-tækni sem er líffærafræðileg og líffræðileg, og tekur til einstaklinga og tegundarinnar undir jákvæðum formerkjum lífsins frekar en dauðans, og miðast við stýringu líkama og stjórnun lífsins. Vald í *nútímanum* og *eftirnútímanum* er þar af leiðandi ekki aðeins neikvætt, bælandi afl sem finnur sér beinan farveg í lögum, bannhelgum og hömlum eins og í for-nútímanum; það hefur orðið að *lífvaldi* og hverfist um tvo póla sem taka að þróast frá og með sautjándu öld: annars vegar í aðferðum þeirrar pólítísku líffærafræði sem tekur til *ögunar og stýringar líkamans* (e. *anatomo-politics of the human body*), hins vegar í *eftirliti og yfirumsjón* með flestum þeim sviðum er tengjast

16 Michel Foucault, „Alsæishygga“, bls. 162.

17 Foucault skrifar að „[e]f þróun hinna sterku verkfæra ríkisins, sem *stofnana* valds, tryggði viðhald framleiðslutengsla, þá verkuðu undirstöður ögunar og eftirlits, sem urðu til á 18. öld sem *tækni* valds (fjölskyldan og herinn, skólar og lögregla, einstaklingsmiðuð heilsugæsla og stjórnun líkamshelda), á sviði efnahagslegra ferla, þróunar þeirra, og kraftanna sem héldu þeim uppi“ (Michel Foucault, „The Right of Death and Power over Life“, *The Foucault Reader*, London: Penguin, 1991, bls. 263).

lífrænum veruleika *þjóðarlíkamans* (e. *a bio-politics of the population*).¹⁸ Valdið hefur stigmagnast frá því að vera stjórn yfir félagslegum einingum og yfir í tækni sem snýr að nytsemi og framleiðslu þess sem það beinist að. Ögun og stjórn eru grafin dýpra niður í formgerð samfélagsins, þar sem „leitin beinist að sífellt betra og vökulla ferli – sem er enn rökvísara og hagkvæmara – á milli framleiðsluathafna, samskiptahæfileika og leik valdatengslanna“.¹⁹

6.

Foucault er arftaki þeirra félagsvísinda sem Marx er brautryðjandi að og það er ákveðinn samhljómur með greiningu Foucault á „tilurð“ mannsins/líkamans innan valdaafstæðna, sem viðfangi þekkingarinnar, og kenningar Marx um manninn sem heild félagslegra afstæðna; samkvæmt Marx er „mannlegt eðli [...] ekkert sértak, er býr í einstaklingnum út af fyrir sig. Í raun og veru er það heild þjóðfélagslegra afstæðna.“²⁰ Marx og Foucault sameinast í and-skynsemis- og and-eðlishyggju um manninn og neita að líta á hann sem frjálsa vitund óháða sögulegum veruleika og öflunum sem umlykja hann – til að mynda telur Marx vitundina afsprengi efnislegra aðstæðna.²¹ Í kaflanum „Líkami hinna dæmdu“ í *Gæslu og refsingu* reynir Foucault að sýna fram á hvernig maðurinn er framleiddur „utanfrá“, ekki síst með það fyrir augum að nýta framleiðslugetu hans sjálfs, og er sú greining á samfélaginu öðrum þræði marxísk hugmynd um framleiðsluöfl og framleiðsluhætti sem bindast í kerfi og eiga sér innri rökgerð en ekkert sögulegt takmark, ekkert *telos*.

Foucault telur að samfélagstækni líkamans sé að verki á milli áttakpunkta í framrás valda- og þekkingarkerfa og líkamans bæði með öflum eða kröftum og efnislegum þáttum: maðurinn mótast í

18 Sbr. Foucault, „The Right of Death and Power over Life“, bls. 259–261.

19 Michel Foucault, „Subject and Power“, bls. 219.

20 Karl Marx, „Greinar um Feuerbach“, *Úrvalrit I*, Reykjavík: Heimskringla, 1968, bls. 327.

21 Maðurinn er þó ekki óvirk afurð í díalektík sögulegrar efnishyggju, heldur skapandi vitundarvera eins og Marx og Engels skrifa í *Dýsku hugmyndafræðinni*: „Aðstæðurnar smíða sem sé manninn engu að síður en hann aðstæðurnar“ (bls. 38). Marx, Engels og Foucault hafna því að líta á manninn sem óbundna skynsemisveru án félagsögulegra tengsla við umhverfi sitt.

gagnvirkni valds/þekkingar og líkamans, *undir alvæi valdsvins*.²² Þessi mótun líkamans fer þó ekki fram á beinan, áþreifanlegan hátt. Samfélagstækni líkamans lætur til sín taka í gagnvirku ferli stjórnkerfis, stofnana, hagkerfis, og líkamanna sjálfra á hinu pólitíska sviði. Allir þessir þættir styðja í raun hver annan í því sem Foucault nefnir *heilðarábrif* valda- og þekkingarkerfa, í valdanetinu þar sem sífelld togstreita virkra og andvirkra krafta ríkir en er hvorki „yfirvald“ eða „forréttindi“ ákveðinna stétta né „yfirráð“ ríkisins. Valdanetið beinist að líkamanum að svo miklu leyti sem hann er hægt að móta, hagnýta og endurskipuleggja og gefa honum gildi með því að setja hann inn í gangverk hins pólitíska hagkerfis:

að miklu leyti er það fyrir sakir hlutverks hans sem framleiðsluafli að líkaminn er hnepptur í net valdaafstæðna og yfirráða; en á móti kemur að tilurð hans sem vinnuafli er því aðeins möguleg að hann sé hluti af undirokandi kerfi. Líkaminn verður því aðeins að nýtsamlegu afli að hann geti framleitt og verið undirokaður í senn.²³

Marx talar reyndar um vitund sem mótast í *efnislegum* aðstæðum, en Foucault greinir áhrif *valds/þekkingar* og samspil beggja póla við stofnanir, stjórn- og hagkerfi, í því að „búa til“ líkama og „manninn“, en „[valda]tengslin eru ekki einhlít heldur skilgreina þau óteljandi átakapunkta og uppsprettur óstöðugleika og hver þeirra um sig felur í sér tiltekna hættu á átökum, togstreitu og að minnsta kosti tíma- bundnum umsnúningi valdaafstæðnanna“.²⁴ Hvað felst þá í valdaafstæðunum? Valdaafstæður fela í sér að vald og þekking standi í gagnkvæmum tengslum eða „að allar valdaafstæður legg[i] grunn að ákveðnu sviði þekkingar og að öll þekking geri ráð fyrir og legg[i] samtímis grunn að ákveðnum valdaafstæðum.“²⁵ Foucault notar hugtakið valdaafstæður í þeim tilgangi að varpa ljósi á sjálfsveruna sem í raun þiggur alla vitneskju sína frá „þekkingarvaldinu“, en framleiðir

22 Eða eins og Foucault segir: „Alsjáin var [...] rannsóknarstofa sem mátti nota eins og vél er framleiðir reynslu, breytir hegðun, síðar einstaklinga og færir þá til betri vegar“, „Alsæishyggja“, bls. 141.

23 Michel Foucault, „Líkami hinna dæmdu“ (þýð. Björn Þorsteinsson), *Alvæi, vald og þekking*, bls. 122.

24 Foucault, „Líkami hinna dæmdu“, bls. 124.

25 Foucault, „Líkami hinna dæmdu“, bls. 125.

þekkinguna ekki sjálf, enda ná valda- og þekkingarkerfi sem heild efnislegra og tæknilegra þátta böndum yfir líkamann/sjálfsveruna með því að setja hann inn í skipan hlutanna á sviði þekkingarinnar, og skapa þannig umgjörð um tilveru hans.

7.

Eins og hér hefur komið fram er líkaminn í miðju greiningar Foucaults á alsæi, valdi og þekkingu; líkaminn er hinn fasti punktur sem öll kerfi og skynjun hverfast um – það er að segja, greining Foucaults á valda-, hugsana- og þekkingarkerfum í *Gæslu og refsingu* fjallar um ögunartækni líkamans sem tilraun til að skapa svið á milli líffærafræðilegrar virkni og stofnanabundins valds; en gangvirkinu lýsir Foucault sem smásærri líkamstækni valds.²⁶ Ögunin fer fram í gegnum líkamann, ekki vitundina, enda segir Foucault að vitundin sé raunveruleiki sem skapist „fyrir áhrif hegningar, eftirlits, refsingar og þvingunar“;²⁷ það er að segja: vitundin fæðist og mótast í sambandi þekkingar, valds og líkama. Í *Gæslu og refsingu* reynir Foucault að sýna fram á hvernig líkaminn er í raun hnepptur í fangelsi vitundarinnar: hann „tekur á sig þvinganir valdsins; hann lætur þær ósjálfrátt hafa mótandi áhrif á sig; hann færir valdaafstæðurnar inn í sjálfan sig og tekur á sig hlutverk beggja aðila; meginregla undirokunar hans sjálfs rennur honum í merg og bein“.²⁸ Eftir að Foucault byrjaði að hugsa fornminjafræði orðræðunnar og sífjafræði valds *saman* varð líkaminn að miðpunkti verka hans, og líkaminn er jafnframt miðpunkturinn í færslunni frá

26 Á ensku heitir þetta *microphysics of power*. Hér er mikilvægt að nefna að greining Foucaults á valdi er í raun þrískipt: hvernig valdið vinnur (hinir nákvæmu helgisíðir þess), hvar valdið er staðsett (pólítísk líkamstækni) og hvernig valdið virkar (smásæ líkamstækni valds). Sbr. Dreyfus og Rabinow, „Interpretative analytics“, *Michel Foucault. Beyond Structuralism and Hermeneutics*, bls. 114. Foucault skrifar: „Ögunina“ er hvorki hægt að leggja að jöfnu við tiltekna stofnun né tiltekið tæki; hún er í senn ákveðin tegund valds og aðferð við að beita því, og til hennar heyrir umfangsmikið safn verkfæra, tæknilegra aðferða, verklags, verksviða, skotspóna; hún er af meiði tækninnar, tiltekin „líkamstækni“ eða „líffærafræði“ valdsins“ („Alsæishyggja“, bls. 156).

27 Michel Foucault, „Líkami hinna dæmdu“, bls. 127.

28 Michel Foucault, „Alsæishyggja“, bls. 140.

ögunarsamfélagi til stýringarsamfélags, frá yfirvaldi til lífvalds, eins og lesa má í fyrsta bindinu af *Sögu kynferðisins*.

Foucault telur að það valda- og hugsanakerfi sem nú hefur búið um sig innan hugmynda um „kynlíf“ og „kynferði“, og beinist að tækni, orðræðu og aðferðum sem notaðar eru til að stjórna auðlindum ríkisins – líkómum – sem og halda uppi framleiðninni, sé af pólitískum toga og sem slíkt nauðsynlegt tilurð þjóðríkisins og hinu kapítalíska hagkerfi. Hugmyndina dregur Foucault saman í hugtakinu um lífvald. Lífvald, eða það að hafa vald yfir líkómum, endurspeglast í því þekkingarviði sem á við um „kynlíf“ og „kynferði“ og er pólitískt tæki sem gefur valdinu aðgang að sjálfsveru manna sem og tegundinni með því að greina, kerfisbinda, skýra og stjórna líkama manns og hegðun, eða fella líkama inn í samfélagslíkanið. Grunnhugmynd Foucaults um lífvald er að í nútímasamfélaginu sé kynlíf og kynferði notað kerfisbundið til að ná utan um ytra og innra líf þjóða. Veruleiki hegðunar og athafna fólks snýr að miklu leyti að því sem kynferði þeirra ákvarðar því það býr í haginn fyrir ákveðið fjölskyldumynstur, gildismat og sögulega vitund og á þar af leiðandi stóran þátt í því að skapa sjálfsveruleika fólks. Auk þess er kynferðið ákveðinn hvati að endurnýjun afurða ríkisins, nýrra líkama sem geta svo enn aukið á vöxt ríkisins. Kynlíf og kynferði eru sem sagt viðföng orðræðu og stjórnarháttá nútíma þjóðríkisins þar sem valdið er lífmiðað. En í hverju liggur hvati lífvaldsins? Gilles Deleuze hefur til að mynda gagnrýnt Foucault fyrir að gera ekki grein fyrir því hvað drífur valdið áfram²⁹ og Hardt og Negri taka í sama streng í *Veldinu*.³⁰

Í „Réttinum til dauðans og valdi yfir lífi“ gerir Foucault skarpan greinarmun á tvenns konar birtingarmyndum valdsins, yfirvaldi og lífvaldi. Hið fyrra hafði það að markmiði að viðhalda stöðu valdhafanna og bægja frá hverskyns ógn við kyrrstöðu valdsins en hvatinn þar að baki var blóð og blóðtengsl sem táknuðu stöðu og vensl, tryggðu afkomu og velmegun. Hvatinn lá í því að blanda blóði á réttan hátt og vernda þá aðila sem báru það valdakerfi áfram í blóði sínu. Lífvaldið sem kom í kjölfar falls einvaldsins er vofa valdsins í

29 Sjá umræðu Gilles Deleuze um Foucault í greininni „Foldings, or the Inside of Thought (Subjectivation)” úr *Foucault* (bls. 94–123) og í greinasafninu *Negotiations 1972–1990* (þýð. Martin Joughin), New York: Columbia University Press, 1995.

30 Michael Hardt og Antonio Negri, „Lífþólitísk framleiðsla – ásamt formála að *Veldinu*“ (þýð. Viðar Þorsteinsson), *Hugur* 15. árg. 2003, bls. 161.

þeim skilningi að valdið klæðist nú ósýnilegum búningi stofnana og viðmiða; það er að stofnanavæðingin á átjándu öld og fall einvaldsins sköpuðu réttu skilyrðin fyrir því að lífvaldið tók sér bólfestu innan samfélagsins.³¹ Lífið er hvati þess valdakerfis og í raun það afl til vaxtar sem því er nauðsynlegt. Það að næra og fósra þegnana, gera þá heilbrigða og skilvirka, tryggir meiri framleiðni og vöxt ríkisins, og þar leitast stýringarsamfélagið við að fullnægja markmiðum sínum í gegnum kynlíf og kynferði, eða vöxt, viðmiðsvæðingu og sjálfsstjórn þegnanna. Lífvald Foucaults er í raun drifið áfram af lífskrafti sem kynlíf og kynferði næra, og svipar þeim krafti óneitanlega til lífshvatarinnar (*Erow*) og orku hennar (*libidó*) í sálgreiningu Freuds.³² Í raun er lífvald einhvers konar hvatrænt atferli í tvær áttir stýringar og vaxtar. Lífvald er víðfeðm valdatengsl sem bindast ríkinu og einstaklingunum í gegnum hugsjónina um lífið og hvatarinnar sem stefnir að því búa því sem bestu skilyrðin til vaxtar, og í því leikur kynferðið stórt hlutverk án þess að vera kjarni þess sem slíks.

Foucault segir að „[k]ynferði hafi verið aðferð til að ná bæði til lífs líkamans og lífs tegundarinnar“,³³ og tengist af þeim sökum hinu pólitíska sviði sem viðfang stjórnunar; því er beitt til ögunar líkamans og stýringar lífstofnsins; og kynferðinu er jafnframt skipaður sess í flokkun, eftirliti, skoðunum og stjórn á líkamlegum og sálrænum grundvelli lífvera, sem og heildrænum grundvelli þjóðríkisins. Örvun þjóðarlíkamans í gegnum kynferðið er þess vegna nauðsynlegt vexti og endurnýjun þjóðríkisins og því einbeitir lífvaldið sér að kynverum; en ekki einungis með það að markmiði að örva þær heldur til ná stjórn yfir þeim og fella inn í það mynstur sem lífvaldið

31 Í greinargerð sinni fyrir lífvaldinu í „The Right of Death and Power over Life“ segir Foucault (*The Foucault Reader*, bls. 266) að lögin endurspegli formgerð valdsins. Á tímum einveldis hefur lagaleg virkni beina skírskotun í ákveðið yfirvald sem sér um að þeim sé framfylgt, en í nútímanum liggur virkni þeirra falin í stofnunum og viðmiðum. Í lífvaldsmiðuðu samfélagi snýst veröldin um ábata og nytsemi, og þar er engin þörf á lagalegri virkni einveldisins heldur sver ögunar- og reglukerfið nýjum guðum hollustu sína: lífinu og framleiðslunni. Réttarfarslegar stofnanir eru samgrónar valda- og þekkingarkerfinu og staðfesta þess vegna þau félagslegu og menningarlegu viðmið sem stuðla að viðgangi lífsins og framleiðslunnar frekar en að standa ofan eða utan við þau.

32 Sbr. Sigmund Freud, *Undir oki sjðmenningar* (þýð. Sigurjón Björnsson), Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997, bls. 57–63.

33 Michel Foucault, „The Right of Death and Power over Life“, bls. 267.

sprettur sjálf af: „gangvirkjum valds er beint að líkamanum, lífinu, því sem veldur vexti lífsins, því sem viðheldur tegundinni, úthaldi hennar, hæfileika hennar til að drottna, eða færni hennar til að láta nota sig“.³⁴ Gangfræði framleiðslunnar hjá Foucault liggur þess vegna í samspili valda- og þekkingarkerfa sem saman eru komin undir lífvaldi, lífvaldi sem í kenningu Foucaults tengist samspili valds, þekkingar og kynferðis í hinum kapítalíska eftirnútíma og líkömum sem skurðpunkti framleiðslunnar.

8.

Undir lok greinarinnar „Hvað er upplýsing? Hvað er bylting?“ segist Foucault hafa reynt að vinna eftir línun gagnrýnnar hugsunar sem fáist við „verufræði okkar sjálfra, verufræði samtímans“ og að hann hafi unnið út frá þeirri tegund yfirvegunar sem nær „frá Hegel til Frankfurtarskólans, með viðkomu hjá Nietzsche og Max Weber“.³⁵ Rannsókn Foucaults er vissulega slík athugun á rökvisinni í valda- og þekkingarkerfi *ögunar og stýringar* (eins og það birtist í lýðheilsufræðum, skipulagi, reglugerðum, almennri orðræðu lífvalds), en hið þekkingarfræðilega samhengi verkar „fyrir atbeina alviturs og sínálægs valds sem teygir anga sína á *paulskipulagðan* hátt allt niður til einstaklingsins sjálfs og endanlegrar *skilgreiningar* á honum, á því sem einkennir hann, því sem tilheyrir honum, því sem kemur fyrir hann“.³⁶ Rökvisin sem Foucault greinir í kjölfar hins breytta sambands valds og þekkingar eftir fall einvaldsins tengir hann að mörgu leyti við hugmyndir Webers um *rökvæðingu* samfélagsforma í nútímanum og *ðáléktíska gagnrýni* Frankfurtarskólans, en þessar hugmyndir má óhikað sameina undir hatti *gagnrýni óhreinnar skynsemi*.

Í greininni „Gagnrýni óhreinnar skynsemi: Foucault og Frankfurtarskólinn“ segir Thomas McCarthy gagnrýni óhreinnar skynsemi vera sameiginlegt verkefni Frankfurtarskólans og Foucaults, en hann heldur því jafnframt fram að sú gagnrýni beinist ekki síst

34 Michel Foucault, „The Right of Death and Power over Life“, bls. 269.

35 Michel Foucault, „Hvað er upplýsing? Hvað er bylting?“ (þýð. Egill Arnarson), *Hvað er heimspeki? – tíu greinar frá tuttugustu öld*, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2001, bls. 141–155, hér bls. 153–154.

36 Michel Foucault, „Alsæishyggi“, bls. 134. Leturbreytingar eru mínar.

að mannvísindunum, og sé meginviðfangsefni *síjjafræði* Foucaults og *díalektískrar gagnrýni* Frankfurtarmanna. Samkvæmt McCarthy á Foucault það sameiginlegt með Frankfurtarskólanum að vilja umbreyta eða umbylta hinni hefðbundnu kantísku gagnrýni, en þeir telja að skynsemin sé gegnsýrð af menningunni og samfélaginu, valdi og hagsmunum, og það gerir að þeirra mati innhverfa greiningu á formgerð vitundarinnar marklausa, sem og greiningu á tungumálalegri hughyggju án tengsla við félagslegar athafnir. Þess vegna verður að nálgast viðfangsefnið á félagsögulegum grundvelli þar sem hinni sjálfráðu og skynsömu sjálfsveru er hafnað, enda gengur „afgöfgun skynseminnar [...] hönd í hönd við afmiðjun hinnar skynsömu sjálfsveru“. ³⁷ Hér ætla ég ekki að fara nánar út í samanburð á þessum hugsuðum og skólum, en þess í stað að ræða lítillaga í framhaldinu samband Foucaults og Marx: það er að segja, hvernig tengist Foucault *efnishyggju* Marx og hugmyndum hans um *grunn* og *yfirbyggingu* og *hugmyndafræði*?

Þýska hughyggjan og enska hagfræðin á 19. öld lögðu grunninn að hugmyndum Marx og urðu í meðförum hans að sögulegri efnishyggju er leitaðist við að koma Hegel niður á fæturna í rannsókninni á starfsháttum kapítalísks samfélags (sem Marx skoðaði til dæmis út frá blætiseðli, gildisauka, eignarrétti og firringu; hugtökum sem ég mun ekki fjalla um hér). Hreyfiafl sögunnar má rekja til hins efnislega, samkvæmt Marx, þar sem hið efnislega er hlekkurinn á milli náttúrulegra og félagslegra hliða mannlegs veruleika, en drifkraftur þessa samspils skapar söguna. Söguspeki Marx byggir bæði á því hvernig mannleg vitund er afsprengi efnislegra og félagslegra þátta og greinarmuninum á undir- og yfirbyggingu samfélagsins, auk þess sem Marx telur að hugmyndir manna, hugsanir og andleg samskipti þeirra á milli spretti ætíð af efnislegu atferli þeirra. ³⁸ Grunnurinn samanstendur af efnahagslegum tengslum annars vegar og virkum framleiðsluöflum hins vegar, sem tengjast einnig náttúrulegum skilyrðum, auðlindum og ytri aðstæðum. Sérhvert kerfi framleiðsluafstæðnanna má skýra með

37 Thomas McCarthy „The Critique of Impure Reason: Foucault and the Frankfurt School“, *Critique and Power: Recasting the Foucault/Habermas debate* (ritstj. Michael Kelly), Cambridge, Mass.: Cambridge University Press, 1998, bls. 243–282, hér bls. 244.

38 Karl Marx og Friðrik Engels, *Þýska hugmyndafræðin* (þýð. Gestur Guðmundsson), Reykjavík: Mál og menning, 1983, bls. 22.

tilvísun í tengsl framleiðslunnar við vinnuafll og kunnáttu eða tækni á hverju sögulegu skeiði, það hvernig framleiðsluöflin hafa þróast. Þau atriði sem mynda undirbygginguna tengjast skipulagningu framleiðslunnar í heild. Upp úr kerfi efnahagslegra tengsla rís yfirbygging lagalegra og pólitískra stofnana, sem þjóna þeim tilgangi að styrkja og vernda hina efnahagslegu undirbyggingu, en þessar stofnanir skapa sína eigin *hugmyndafræði*: kerfi skoðana, viðhorfa, gilda og forðoma, sem sameina heildarbygginguna og sem hefur þann tilgang að breiða bæði yfir möguleikann á samfélagslegum breytingum og tigna ríkjandi samfélagsgerð: „Sú stétt sem ræður yfir tækjum til efnislegrar framleiðslu, hefur tæki andlegrar framleiðslu til umráða um leið.“³⁹ Þjóðfélagsform og skipulagning framleiðslunnar fer því óhjákvæmilega saman og skilyrðir félagsleg tengsl á efnahagslegum grundvelli.

Foucault smíðar kenningu sína út frá því hvernig vald dreifist og verkar í samfélaginu í nútímanum, og vísa valdatengslin til flóknara sambands einstaklinga, stofnana og þjóðfélags hópa en liggur á milli þeirra sem eiga framleiðslutækin og þeirra sem eiga þau ekki í marxískri kenningu. Hugmynd Foucaults um *lárétt* valdatengsl hefur sig yfir orðræðu um stéttir og ríki, það er að segja hið *lóðrétt* vald. Valdshugmynd Foucaults á þar af leiðandi hvorki við stofnanir sem hafa það að markmiði að tryggja hlýðni borgaranna við ríkið né undirokun borgaranna í búningi óbreytanlegs lögmáls, enda er ekki hægt að smætta vald niður í viðhald framleiðslutengsla og stéttayfirráða.⁴⁰ Keith Ansell-Pearson skrifar:

Það hvernig Foucault heimfærir kenningar Nietzsches á spurninguna um vald í stjórn málaheimspeki merkir að valdatengsl – ólíkt því sem tíðkast í marxismanum – er ekki hægt að skýra þannig að þau standi fyrir utan annars konar tengsl (efnahagstengsl, svo dæmi sé nefnt), heldur verði frekar að líta á þau sem íverandi í þeim. Ekki er heldur hægt að skýra þau eða skilja út frá líkingunni um

39 Marx og Engels, *Þýska hugmyndafræðin*, bls. 48. Um þetta sjá einnig grein Louis Althusser, „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórn tæki ríkisins (rannsóknarpunktur)“, sem er að finna í þessu greinasafni.

40 Sbr. Keith Ansell-Pearson, „The Significance of Foucault’s Reading of Nietzsche: Power, the Subject, and Political Theory“, í *Nietzsche. A Critical Reader* (ritstj. Peter R. Sedgwick), Oxford: Blackwell, 1995, bls. 13–30, hér bls. 19.

undir- og yfirbyggingu þar sem vald leikur aðeins takmarkandi aukahlutverk; nær lagi er að valdatengsl gegni beinu hlutverki í sjálfri framleiðslunni.⁴¹

Foucault er því afar gagnrýninn á meginhugmynd sögulegrar efnishyggu, greinarmuninn á grunni og yfirbyggingu og kenninguna um hugmyndafræði. Hugmyndafræði í marxískri kenningu stendur alltaf andspænis eða breiðir yfir sannleikann, en orðræðugreining Foucaults skoðar á sögulegan hátt „hvernig áhrif sannleikans eru framleidd innan orðræðna sem, í sjálfu sér, eru hvorki sannar né falskar“.⁴² Aftur á móti má segja að hugmynd Foucaults um orðræðu komi í stað hugmyndafræði í marxismanum, þar sem „hið orðræðubundna og hið efnislega tengjast saman í gegnum samhjálparsamband (e. *symbiotic relationship*) afstæðna valds og þekkingar.“⁴³ Auk þess er hugmyndafræði annars stigs afstæða þess sem virkar sem grunnur hennar, nefnilega hins efnislega hagkerfis sem ákvarðar hugmyndafræðina, en Foucault hafnar þeirri hugmynd í rannsókn sinni á samfélagsgerð sem er í „þversumsambandi“ við eigin samtíma.“⁴⁴ Foucault beinir ekki aðeins sjónum sínum að hinum efnislega þætti sem frumforsendu alls, heldur greinir hann sjálft gangvirki valdsins, valdataeknina og þau heildaráhrif sem valdaafstæðurnar skapa. Rannsókn Foucaults er þar með í beinni andstöðu bæði við hugmyndina um hugmyndafræði (Marx) og hugmyndina um bælingu (Freud) þegar kemur að virkni valds, vegna þess að vald er ekki síður jákvætt og framleiðandi afl, en neikvætt og bælandi. Samkvæmt Lois McNay hafa marxistar þó svarað því til að valdshugtak Foucaults sé svo almennt að það missi allan greinandi kraft, að valdshugtakið sé ekki þess megnugt að greina á milli flókinna og mótsagnakenndra gerða stofnanabundins valds – eins og til dæmis dómsvalds og lagalegs valds.⁴⁵

41 Ansell-Pearson, „The Significance of Foucault’s Reading of Nietzsche,“ bls. 19.

42 Michel Foucault, „Truth and Power,“ *Power: Essential Works of Foucault 1954–1984. Vol. 3* (ritstj. Paul Rabinow), New York: The New Press, 2000, bls. 111–133, hér bls. 119.

43 Lois McNay, *Foucault. A Critical Introduction*, Cambridge: Polity Press, 1994, bls. 108.

44 Michel Foucault, „Hvað er upplýsing? Hvað er bylting?“, *Hvað er heimspeki? – tíu greinar frá tuttugustu öld*, bls 146.

45 Sjá McNay, *Foucault*, bls. 104–110.

Varðandi tengsl Foucaults við Marx og Engels má segja að þeir séu sammála um gildi hins empíríska í rannsóknum sínum, en ósammála um söguskoðunina sjálfa og greiningartækin, það er frumforsendur söguskoðunarinnar: framleiðslutengsl með vísun í hið efnislega (Marx og Engels) og valdaafstæður með vísun í hið þekkingarfræðilega (Foucault). „Forsendur okkar eru raunverulegir einstaklingar, gerðir þeirra og efnisleg lífsskilyrði, bæði upphafleg og hin sem þeir hafa sjálfir skapað með gerðum sínum,“ skrifa Marx og Engels og bæta því við að hægt sé „að staðreyna þessar forsendur á empírískan hátt“.⁴⁶ Þessi hugmynd þeirra miðar sem áður segir að því að koma hughyggjunnni niður á fæturna og skoða veröldina á efnislegum grundvelli framleiðsluafstæðna – en róttækni þessarar hugsunar felst í hugmynd þeirra Marx og Engels um að „[s]é þessum skilningi beitt á hlutina, raunverulegt ástand þeirra og tilurð, leysist sérhvert djúphugult vandamál heimspekinnar upp í empíríska staðreynd“.⁴⁷ Foucault heldur því einnig fram að rannsókn sé lítils virði ef hún byggir ekki á empírískum gögnum – skjöllum, reglugerðum, byggingarlist og svo framvegis – enda má segja að valdaafstæðurnar samanstandi af empírískum hlutum sem vísi til „staðreynda valds“, „gangvirkis valds“, og „valdatengsla“.⁴⁸ Meginundirstaða kenninga Foucaults er að þekkingarfræðileg rof séu til marks um söguleg umskipti ákveðinna tímabila og marki breytingar á valdaafstæðunum; að ekki sé hægt að draga mörkin við pólitískar byltingar, heldur rof í formgerð þekkingar. Umskipti sögulegra skeiða segja Marx og Engels vera „efnislegur verknaður, sem hægt er að sanna á empírískan hátt“,⁴⁹ en Foucault rekur þau til þekkingarfræðilegra breytinga sem leiða af sér breytt samband valds og þekkingar og sem verður að veruleika í „efnislegum verknaði“: til að mynda í skipulagi og stjórnun líkama á stofnanabundnu sviði á borð við fangelsi, enda er rými „grundvallaratriði í sérhverri framkvæmd valds.“⁵⁰ Þar af leiðandi vill Foucault, ólíkt Marx og Engels, byggja á „frumhugtaki sérhvers söguskeiðs“⁵¹ sem er *þekkingarfræðileg* – ekki *efnisleg*

46 Marx og Engels, *Þýska hugmyndafræðin*, bls. 15.

47 Marx og Engels, *Þýska hugmyndafræðin*, bls. 44.

48 Sbr. Michel Foucault, „Interview with Michel Foucault,“ *Power*, bls. 284.

49 Karl Marx og Friðrik Engels, *Þýska hugmyndafræðin*, bls. 47.

50 Michel Foucault, „Space, knowledge, power,“ *Power*, bls. 361.

51 Karl Marx og Friðrik Engels, *Þýska hugmyndafræðin*, bls. 37.

– undirstaða athafna, framkvæmda og tengsla á því skeiði og stýrir valdaafstæðunum.

9.

Hvað er það þá í raun sem skilur Foucault frá Marx varðandi pólitíska samfélagsgreiningu? Útiloka kenningar þeirra hvor aðra eða geta þær lært hvor af annarri? Fyrst ber að hafa í huga að Foucault skrifar sem *sagnfræðingur hugvanagerfa* og hann ætlar sér aldrei að gera almenna grein fyrir samfélagi eða setja fram yfirgripsmikla stjórnspækikenningu. Áhugi Foucaults snýr að pólitískri tækni ákveðinna kerfa á afmörkuðum vettvangi og er annars konar rannsókn en hefðbundin marxísk greining sem fæst við ríki, hugmyndafræði og kapítalískar samfélagsheildir. Foucault vill beina sjónum okkar að þeirri tækni sem tekur til líkama, kynferðis og sjálfsvera: það er að segja að *stjórnunarbáttum valdsþekkingar*. Slíkir stjórnunarhættir eiga sér grundvöll í ráðandi þekkingarkerfi, en Foucault reynir hvorki að sýna að þekkingin sé sönn eða ósönn, að hún sé vísindi eða hugmyndafræði, né setja sögu hinnar sömu þekkingar í samhengi við almenna greiningu á kapítalísku samfélagi. Þessir stjórnunarhættir verða að valdi þegar ögunar- og stjórnunarfyrirkomulagið kemst til framkvæmdar í samspili líkama, tækni og athafna.

Verk Foucaults sýna hvernig sérhver samfélagsgreining verður að taka mið af pólitískri tækni þekkingarvaldsins eða því hvernig einstaklingar og samfélag eru afurð hinnar pólitísku tækni. Í hnotskurn hafnar Foucault hefðbundinni marxískri greiningu vegna þess að hann telur marxismann ekki miða samfélagsgreiningu sína við þær breytingar á eðli valds og viðmið þekkingar sem Foucault greinir í nútímanum og eftirnútímanum, og hvernig breytt samband valds og þekkingar hefur alið af sér nýja pólitíska tækni ögunar- og stýringarsamfélags. Hugmyndir Marx og Foucaults eiga sér ýmsa snertifleti en eru í ströngum skilningi ósamrýmanlegar. Hins vegar má líta svo á að kenningar Hardts og Negri í *Veldinu* brúti bilið á milli þeirra með því að tengja lífvaldsgreiningu Foucaults við breytta framleiðsluhætti í samræmdu kerfi hnattræns kapítalísma, sem fall kommúnismans og afnám nýlendustjórna bjuggu í haginn fyrir. Samkvæmt Hardt og Negri skapaði hnattvæðingin nýja möguleika

fyrir framleiðslu-útpenslu undir einni „yfirráðarökvísi“ sem þeir nefna Veldið og stefnir að því að fella allt inn í heild sem á sér þó engin landamæri, engin mörk. Verk Hardts og Negrís er til vitnis um að þróun síðkapítalismans – ekki síst á sviði lífpolítíkur – hafi gert það að verkum að hefðbundin marxísk greining dugi ekki ein og sér til greiningar á samtímanum heldur verði að styðja sig við þær rannsóknaraðferðir og þann hugtakaförða sem Foucault notaði í greiningu sinni á ögunar- og stýringarsamfélaginu.⁵²

52 Í þessu sambandi má benda á gagnmerkar greinar Hjörleifs Finnssonar: „Af nýju lífvaldi. Líftækni, nýfrjálshyggja og lífsiðfræði“, *Hugur* 15. árg. 2003, bls. 174–196 og „Ótti á tímum öryggis. Öryggisneysla og áhættustjórnun í eftirnútímanum“, *Hugur* 18. árg. 2006, bls. 132–154.